STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 2002

21. maí 2002 1083 Nr. 368

GJALDSKRÁ

fyrir dóma á hrossakynbótasýningum.

1. gr.

Gjöld fyrir dóma á hrossakynbótasýningum skulu vera sem hér segir:

Gjald til Bændasamtaka Íslands á hvert hross:	kr.	1.197
Gjald til búnaðarsambands sem er sýningaraðili á hvert hross:	kr.	3.000
Gjald fyrir vallaraðstöðu á hvert hross:	kr.	1.000
Gjald vegna reksturs tækja á hvert hross:	kr.	221

Hér er um hámarksgjöld að ræða en einstök búnaðarsambönd geta ákveðið lægri gjaldtöku.

2. gr.

Á gjöld skv. 1. gr. leggst virðisaukaskattur, 24,5%.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir dóma á hrossakynbótasýningum nr. 345/2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. maí 2002.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.